

## REGLUGERÐ

### um bann við dragnótaveiðum á Seyðisfirði.

#### 1. gr.

Frá og með 4. desember 1992 til og með 31. janúar 1993 eru allar dragnótaveiðar bannaðar á Seyðisfirði innan línu sem dregin er frá Borgarnesi í Skálanes.

#### 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegráðuneytið, 2. desember 1992.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Jón B. Jónasson.*